
Minnisblað

Dagsetning: 16. ágúst 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvornalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

Efni: Tillaga um að niðurfelldur verði valmöguleiki fyrir einstaklinga sem koma hingað til lands að fara í 14 daga sóttkví eftir 19. Ágúst 2020.

Núverandi fyrirkomulag á landamærum er þannig að einstaklingar geta valið um að fara í 14 daga sóttkví eða skimun með sýnatöku. Frá 15. júní sl. hafa um 2.000 einstaklingar valið að fara í sóttkví umfram sýnatöku sem er um 1% af öllum ferðamönnum.

Upp hefur komið sú staða að nokkrum sinnum hafa einstaklingar valið að fara í sóttkví sem þeir hafa síðan ekki haldið. Í nokkrum tilfellum hefur komið í ljós að einstaklingar hafa verið smitaðir af COVID-19 og jafnvel dreift smiti til annarra á þeim tíma sem þeir áttu að vera í sóttkví.

Það er því mitt mat að ekki eigi að gefa einstaklingum kost á sóttkví í 14 daga við komuna hingað til lands heldur eigi að skylda alla í sýnatöku.

Ég legg því til eftirfarandi:

- Allir einstaklingar fæddir fyrir 2005 sem koma hingað til lands verði skyldugir til að fara í skimun og sýnatöku við komuna á landamærum. Einungis einstaklingar sem eru með íslenskt vottorð um fyrri COVID-19 sýkingu (PCR próf eða mótefnamæling) eða einstaklingar sem af læknisfræðilegum ástæðum geta ekki farið í sýnatöku verði henni undanþegnir. Þeir sem ekki geta farið í sýnatöku af læknisfræðilegum ástæðum þurfi hins vegar að fara í 14 daga sóttkví en þeir sem eru með vottorð um fyrri sýkingum þurfi þess ekki.